

Verklagsreglur í barnavernd - DRÖG

Efnisyfirlit

Tilkynning til barnaverndar	3
Könnun máls	6
Niðurstaða könnunar	11
Áætlun um meðferð máls	11
Mál lagt fyrir félagsmálanefnd	14
Vistun utan heimilis	16
Vinnsla umsagna – umsögn um hæfi fósturforeldra	22
Skýrslur félagsmálastjóra	22

Sameiginleg félagsmálanefnd byggðasamlagsins hefur falið starfsfólki barnaverndar félagsþjónustunnar að sinna sérhæfðum verkefnum við barnavernd skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Þeir skulu sjá til þess að mál séu nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli, fyllstu nærgætni þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra frá því sem þeir verða vísir í störfum sínum varðandi einkamál manna og heimilishætti.

Tilkynning til barnaverndar

Kveðið er á um tilkynningaskyldu í IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 og í III. kafla reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Eftirfarandi eru þær greinar barnaverndarlaga er kveða á um tilkynningaskyldu:

- 16. gr. kveður á um tilkynningaskyldu almennings.
- 17. gr. kveður á um sérstaka tilkynningarskyldu þeirra sem starfa sinna vegna hafa afskipti af börnum.
- 18. gr. kveður á um tilkynningarskyldu lögreglu.
- 19. gr. kveður á um nafnleynd tilkynnanda.
- 31. gr. kveður á um neyðarráðstafanir.
- 42. gr. kveður á um rannsóknarheimildir.

Móttaka tilkynninga

Starfsfólk félagsþjónustu Rangárvalla – og Vestur Skaftafellssýslu tekur við tilkynningum vegna aðstæðna barna á svæði byggðarsamlags félagsþjónustunnar.

Tilkynningar skv. 16. gr. berast að öllu jöfnu ekki skriflega, heldur með símtali eða í viðtali hjá starfsmanni. Við móttöku slíkra tilkynninga þarf að gæta sérsaklega að því að fá upplýsingar um eftirfarandi þætti:

- Nafn barns, aldur og búsetu, auk nafna forráðamanna.
- Tengsl tilkynnanda við barn/foreldra.
- Nafn, kennitala, heimili og síma tilkynnanda.

- Ástæða tilkynningar og efni.

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum sé heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd. Það á þó ekki við ef um er að ræða tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 3.mgr. 19.gr. laganna.

Tilkynningar frá opinberum aðilum skv. 17. og 18. gr. skulu vera skriflegar, nema að um neyðartilfelli sé að ræða sem bregðast þurfi við án tafar. Í tilkynningu þarf að gera grein fyrir áhyggjuefni tilkynnanda og hvort gripið hafi verið til einhverra ráðstafana til að ráð bót á vandamálinu. Að öllu jöfnu er reiknað með því að tilkynnendur skv. 17. gr. hafi látið forráðamann barns vita af tilkynningunni. Ef grunur leikur á að barn hafi verið beitt líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi af heimilismanni eru forráðamenn ekki upplýstir um að tilkynning verði send til félagsþjónustu Rangárvalla – og Vestur Skaftafellssýslu. Áður en máli er tekið til afgreiðslu á meðferðarfundi er mikilvægt að kanna hjá tilkynnanda hvort almenn stuðningsúrræði hafi verið reynd.

Skráning tilkynninga

Nýjar tilkynningar vegna barna sem eiga ekki mál í vinnslu hjá félagsþjónustu Rangárvalla – og Vestur Skaftafellssýslu eru alltaf skráð undir nafni móður nema ef barn býr hjá föður. Allar tilkynningar skal skrá í Navision.

Vanda ber flokkun ástæðu tilkynninga, sjá nánar SOF kerfið. Athugið að ekki er hægt að nota yfirheiti á flokkunum, nota verður undirheiti.

Mat á tilkynningum

Við mat á því hvort hefja skuli könnun í kjölfar tilkynningar skal ætíð haft að leiðarljósi hvort um viðvarandi og/eða ítrekuð atvik er að ræða. Það gildir þó ekki ef barn er talið í bráðri hættu eða tilkynnt er um grun um líkamlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin, nema tilefni sé til. Sama gildir þó starfsmaður fái upplýsingar með öðrum hætti.

Þegar metið er hvort tilkynning leiði til könnunar á grundvelli barnaverndarlaga þarf að hafa í huga SOF flokkunina (sjá nánar innihald neðangreindra flokka í SOF bæklingi):

- Líkamleg vanræksla.
- Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit.

- Vanræksla varðandi nám
- Tilfinningaleg vanræksla
- Barn beitt tilfinningalegu ofbeldi
- Barn beitt líkamlegu ofbeldi
- Barn beitt kynferðislegu ofbeldi
- Heilsa eða líf ófædds barns í hættu
- Áhættuhegðun barn

Atriði sem sérstaklega þarf að hafa í huga varðandi foreldra:

Vímuefnaneysla foreldra: Ítrekuð áfengis – og/eða eiturfjaneysla foreldra talin bitna á daglegum aðbúnaði barns og leiða til viðvarandi vanrækslu þess.

Veikindi og þroskaskerðing foreldra: Líkamleg/andleg veikindi foreldra eða þroskaleysi þeirra talin hafa leitt til viðvarandi vanrækslu barna.

Atriði sem sérstaklega þarf að hafa í huga varðandi unglunga:

- Áfengis – og vímuefnaneysla.
- Endurtekin brot og ofbeldisverk.
- Þunglyndi, geðröskun og/eða sjálfsvígshugleiðingar.

Úthlutun mála til könnunar

Meðferðarfundur félagsþjónustunnar skal taka afstöðu eigi síðar en innan 7 daga frá því tilkynning berst um hvort ástæða sé til þess að hefja könnun í málinu.

Félagsmálastjóri ásamt starfsmönnum barnaverndar funda vikulega á meðferðarfundum og þar er farið yfir tilkynningar með tilliti til úthlutunar. Á þetta verklag alltaf við nema ef metið sé að tilkynning sé það alvarleg að hún kalli á tafarlausa könnun eða tafarlausa töku barns af heimili samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Starfsmaður skal tilkynna foreldrum/forsjáraðilum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun í tilefni af henni. Ef tekin er ákvörðun um að hefja ekki könnun máls er foreldrum sent bréf þar sem þeim er tilkynnt um að tilkynning hafi borist og ekki sé ástæða til þess að fara út í könnun (sjá S drif). Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Könnun máls

Ákvæði um könnun máls er að finna í V. og VIII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sjá einnig V. kafla reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Eftirfarandi eru þær lagagreinar sem kveða á um könnun máls:

- 21. gr. kveður á um málsmeðfarð vegna tilkynninga.
- 22. gr. kveður á um markmið könnunar.
- 40. gr. kveður á um leiðbeiningarskyldu.
- 41. gr. kveður á um rannsóknarreglu, málshraða o.fl.
- 42. gr. kveður á um skráningu upplýsinga.
- 43. gr. kveður á um rannsóknarheimildir.
- 46. gr. kveður á um réttindi barnas við málsmeðferð.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila. Starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim, er um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Aflað skal sem gleggstra upplýsinga um hagi barnsins svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag þess. Að öllu jöfnu skal rætt við barnið sjálf.

Ef grunur er um að brotið hafi verið gegn barni á grundvelli alm. hegningarlaga nr. 19/1940, hefur starfsmaður/yfirmaður umboð til að óska eftir lögreglurannsókn.

Könnun máls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og gæta skal meðalhófs við öflun upplýsinga. Þegar mál hefur verið nægilega kannað skal starfsmaður taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar.

Meta skal skipan talsmanns fyrir barn samkvæmt 3. mgr. 46.gr. bvl. og 15. gr. reglugerðar nr. 56/2004. Meðferðarfundur skal velja talsmann sem er best til þess fallinn að þjóna hagsmunum barns í hverju máli.

Niðurstöður könnunar máls skal leggja fyrir meðferðarfund félagsþjónustunnar sem tekur ákvörðun um hvort talin er ástæða til frekari afskipta.

Upphaf könnunar: viðtalsboðun/vitjun

Meginreglan er sú að sá starfsmaður sem hefur fengið mál til könnunar boðar forsjáraðila barnsins sem um ræðir til viðtals á skrifstofuna, bréflega. Í bréfinu er gerð grein fyrir

tilkynningunni og frá hverjum hún er, ef við á. Forsjáraðila er úthlutað viðtalstíma en vísað til þess að hægt sé að óska eftir að breyta honum sé þörf á því. Sé um að ræða tilkynningu um ofbeldi forsjáraðila á barni er meginreglan sú að byrjað er á viðtali við barnið, til dæmis í skóla. Forsjáraðila er gerð grein fyrir málinu svo fljótt sem verða má, helst samdægurs.

Viðtal vegna könnunar

Í fyrsta viðtali við forsjáraðila barns er leitast við að gera grein fyrir tilkynningunni á sem gleggstan hátt, og gefa aðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Enn fremur skal útskýra fyrir aðilum það ferli sem fer af stað þegar mál er kannað samkvæmt barnaverndarlögum og leita eftir samþykki til könnunar máls. Ljóst verður að vera hvað á að kanna. Ber að hafa í huga að afla sem gleggstra upplýsinga um barnið og það sem tilkynnt er um. Jafnframt ber að hafa í huga meðalhóf, þannig að ekki sé gerð of ítarleg könnun.

Samþykki forsjáraðila er ekki áskilið við könnun máls en leitast skal við að hafa samráð og samvinnu forsjáraðila. Markmið könnunar er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir hvers barns. Mál skal nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin um framhald máls.

Leitað til opinberra aðila

Fram skal koma í fyrsta viðtali til hvaða opinberu aðila verður leitað, til að mynda skóla barna eða leikskóla. Þessum aðilum er þá sent bréf, með beiðni um upplýsingar (sjá S drif). Ef aðstæður gefa tilefni til að hraða könnun sérstaklega er hringt til þeirra opinberu aðila sem þörf er á, til að fá munnlegar upplýsingar. Þær upplýsingar skulu skráðar í Navision.

Heimsókn á heimili

Í könnun máls er að jafnaði lögð áhersla á það að starfsmaður fari á heimili barns og reyni þannig að afla mikilvægra upplýsinga um aðbúnað barns

Talað við barn

Í málum þar sem ákvörðun hefur verið tekin um að hefja könnun er gert ráð fyrir að ætíð sé talað við barn. Það skal sérstaklega vera rökstutt/gerð grein fyrir því ef það er ekki gert. Sé

barnið of ungt til að hægt sé að ræða við það, sér starfsmaður í það minnsta barnið og aðstæður þess.

Ættingjar, vinir, nágrannar

Í sumum tilvikumóska forsjáraðilar eftir því að rætt verði við fjölskyldu eða vini og er það þá gert. Einnig geta starfsmenn óskað eftir því að fá að ræða við ættingja barns eða aðra þeim nákomna bendi líkur til að slíkt geti gefið gleggri mynd af aðstæðum barns.

Skráning upplýsinga

Starfsmenn eiga að skrá allar upplýsingar sem veittar eru munnlega við könnun máls í Navision.

Skipun talsmanns

Við upphaf könnunar þarf að taka afstöðu til þess hvort skipa þurfi barni talsmann. Um hæfi og hlutverk talsmanns er mælt fyrir í 30. og 31. grein reglugerðar nr. 56/2004.

Tilkynningafundir með opinerum aðilum

Sé ákveðið að hefja könnun máls og tilkynningin berist frá opinberum aðila skal meta hvort boða skuli til tilkynningafundar. Ráðgjafi sem fer með málið boðar þá til fundar með tilkynnanda, foreldrum og barni (metið í hverju tilfelli fyrir sig). Ráðgjafinn ásamt öðrum starfsmanni barnaverndar fara á fundinn fyrir hönd Félagsþjónustu (seinni starfsmaðurinn gegnir þá stöðu ritara á fundinum). Ráðgjafinn stýrir fundinum, en skipuleggja þarf hvern fund vel áður en farið er af stað.

1. Senda bréf um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun barnaverndarnefndar
2. Halda fund með aðilum málsins
3. Færa niðurstöðu fundarins fyrir meðferðarfund – sumsé tilkynningafundur afgreiðir ekki málið heldur meðferðarfundur.
4. Bóka niðurstöðuna og senda foreldrum bréf um niðurstöðuna/boða til viðtals.

Verklag þegar grunur er um kynferðisofbeldi gegn barni

Starfsmenn félagsþjónustu Rangárvalla – og Vestur Skaftafellssýslu bera ábyrgð á meðferð þeirra tilkynninga skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 þar sem rökstuddur grunur liggur fyrir um að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi/áreitni. Um slíkar tilkynningar gilda

sömu vinnureglur og um aðrar tilkynningar sem berast félagsþjónustunni, þ.e. könnun máls, áætlun og meðferð skv. gildandi barnaverndarlögum.

Þegar tilkynning berst félagsþjónustunni vegna gruns um að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða rökstuddur grunur vaknar um slíkt hjá starfsmanni, skal starfsmaður í samráði við félagsmálastjóra eða afleysingarmann félagsmálastjóra taka ákvörðun um könnun máls skv. 21. gr. barnaverndarlaga eftir viðtal við tilkynnandann og forráðarmenn ef við á, t.d. þegar meintur gerandi er utan fjölskyldunnar.

Læknisskoðun

Ef starfsmaður metur að barn þurfi á bráðaskoðun læknis að halda, þarf í samráði við forráðamann að hafa samband við vakthafandi lækni og boða komu barns til hans. Starfsmaður sendir skriflega beiðni um læknisskoðun og sendir hana með barninu. Starfsmaður þarf að meta hvort nauðsynlegt er að fylgja barni og foreldri til læknisskoðunar.

Lögreglurannsókn

Starfsmenn félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu geta óskað lögreglurannsóknar á meintum kynferðisbrotum. Skal það gert að vel athuguðu máli og þarf grunur um brot gegn barni að vera rökstuddur. Að öllu jöfnu er óskað eftir rannsókn lögreglu, með samþykki forráðamanna, skriflega með bréfi til rannsóknardeildar lögreglunnar á Suðurlandi. Á það skal bent að forráðamenn geta sjálfir snúið sér beint til lögreglu og óskað lögreglurannsóknar. Jafnframt er send tilvísun í Barnahús. Athuga þarf að ekki er í öllum tilfellum tilefni til þess að óska eftir lögreglurannsóknar við upphaf könnunar. Er málið þá kannað með könnunarviðtali í Barnahúsi.

Tilvísun í Barnahús

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um tilvísun í Barnahús skal starfsmaður félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu fylla út þar til gert eyðublað og afla skriflegs samþykkis forsjáraðila með tilvísuninni. Starfsmaður skal rita stutta samantekt um málið og láta hana fylgja tilvísuninni. Í samantektinni skal getið um þær grunsemdir sem vaknað hafa, tilefni þeirra og atvikalýsingu. Ef slíkt liggur fyrir skal getið um einkenni hjá barninu og þróun þeirra, framburð barnsins, í hvaða samhengi hann kom fram, viðbrögð og túlkun aðila í nánasta umhverfi barnsins, tímasetningar og annað sem máli skiptir.

Starfsmaður skal senda tilvísun og samantekt í Barnahús. Í Barnahúsi skal starfsmaður kynna málið ef þarf og annast fyrir hönd félagsþjónustunnar samstarf við þá aðila sem þar koma að málinu. Starfsmaður skal einnig undirbúa barn fyrir förina í Barnahús, boða barn og forráðamenn, taka á móti þeim og vera viðstaddur rannsóknarviðtal.

Að jafnaði skal starfsmaður sjá um að kynna foreldrum niðurstöður þeirra athugana sem gerðar eru á barninu og leita samstarfs foreldra um áframhald málsins, s.s. gerð meðferðaráætlunar.

Athuga þarf að 43. gr. barnaverndarlaga um rannsóknarheimildir gæti átt við ef grunur leikur á að barn hafi verið beitt kynferðisofbeldi af hálfu forráðamanns/heimilismanns. Ef forsjáraðili er meintur gerandi og/eða samþykki fæst ekki, gæti þurft að beita neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga. Er það aðeins gert í samráði við félagsmálastjóra og formann félagsmálanefndar.

Verklag þegar grunur leikur á ofbeldi forráðamanns/heimilismanns gagnvart barni

Athuga þarf að 43. gr. barnaverndarlaga um rannsóknarheimildir gæti átt við ef grunur leikur á að barn hafi verið beitt ofbeldi af hálfu forráðamanns/heimilismanns. Það er t.d. gert með þeim hætti að starfsmaður félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu ræðir í upphafi könnunar við barn án vitundar forráðamanns. Ef forsjáraðili er meintur gerandi og/eða samþykki fæst ekki fyrir frekari könnun, gæti þurft að beita neyðarráðstöfun skv. 31. gr. Barnaverndarlaga. Er það aðeins gert í samráði við félagsmálastjóra og formann félagsmálanefndar.

Viðtal við barn

Þegar grunur hefur vaknað um ofbeldi forsjáraðila á barni getur starfsmaður félagsþjónustunnar, sbr. ofanskráð, farið og rætt við barnið til að mynda í skóla eða leikskóla án vitundar forsjáraðila. Starfsmaður gæti með þeim hætti aflað haldbetri upplýsinga frá barninu sjálfu og metið líðan þess án íhlutunar meints geranda. Forsjáraðili skal látinn vita af viðtalinu eins fljótt og kostur er, helst samdægurs.

Læknisskoðun

Ef starfsmaður metur að barn þurfi á bráðaskoðun læknis að halda, þarf að hafa samband við vakthafandi lækni og boða komu barns þangað.

Lögglurannsókn

Starfsmenn félagsþjónustunnar geta óskað eftir lögglurannsókn á meintum ofbeldisbrotum. Skal það gert að vel athuguðu máli og þarf grunur um brot gegn barni að vera rökstuddur. Lögglurannsókn er óskað skriflega með bréfi til rannsóknardeildar lögreglu á Selfossi.

Niðurstaða könnunar

Þegar könnun er lokið og starfsmaður telur sig hafa nægjanlegar upplýsingar varðandi barnið til að taka ákvörðun um framhald máls, leggur hann málið fyrir meðferðarfund með greinargerð. Meðferðarfundur tekur ákvörðun um framhald máls og bókun er gerð. Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Greinargerð um niðurstöðu könnunar máls skal innihalda eftirfarandi þætti:

- Tílefni könnunar.
- Ákvörðun um að hefja könnun og tilkynningu til forsjáradila.
- Inntak könnunar: með hvaða hætti mál var kannað.
- Niðurstaða: lokun máls eða áframhald.
- Tiltekið hverra úrbóta er þörf.
- Tillögur að heppilegum úrræðum ef talin er þörf á úrbótum.

Foreldri er sent bréf ef niðurstaða könnunar er lokun máls annars er gerð áætlun með foreldri.

Áætlun um meðferð máls

Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni og þörf er á beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, skal starfsmaður, í samvinnu við foreldra/forsjáradila gera skriflega áætlun um meðferð máls. Hið sama á við um barn sem hefur náð 15 ára aldri. Áætlunin skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á. Í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi og í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum/forsjáradilum

barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá. Áætlun skal markaður ákveðinn tími og mál endurskoðað með hliðsjón af því hvort markmiðum hafi verið náð.

Áætlanir og endurskoðun þeirra eru lagðar fyrir meðferðarfund. Í tilvikum þar sem úrbætur hafa í för með sér veruleg útgjöld félagsmálanefndar skulu tillögur um það lagðar fyrir félagsmálanefnd til samþykktar.

Áætlun um meðferð máls er gerð samkvæmt. 23. gr. barnaverndarlaga, sjá einnig reglugerð um málsmeðferðar fyrir barnaverndarnefndir nr. 65/2004. Áætlun um meðferð máls í samvinnu við foreldra getur falið í sér:

- Úrræði með samþykki foreldra skv. 24. gr. barnaverndarlaga.
- Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra skv. 25. gr. barnaverndarlaga.
- 30. gr. barnaverndarlaga tekur til þungaðra kvenna, ef könnun leiðir í ljós að afskipta er þörf.

ATH – samkvæmt 48. gr barnaverndarlaga skal samþykki foreldra og barns á úrræði samkvæmt 25. gr. vera gert skriflegt og í viðurvist tveggja óháðra manna sem votta að foreldrum og barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins

Áætlun skal fela í sér eftirfarandi:

- Ástæða afskipta; greina skýrt frá því hver sé ástæða þess að málið er til meðferðar hjá barnavernd og hvað könnun á málinu leiddi í ljós.
- Markmið áætlunar.
- Úrræði og aðgerðir sem beita skal til að markmiði áætlunar sé náð. Gera skýra grein fyrir því hvert hlutverk starfsmanna barnaverndar verður í því að ná gefnum markmiðum. Sé um að ræða marga þætti skal leitast við að orða hluti skýrt þannig að ekki verði misskilningur milli aðila.
- Á sama hátt skal koma skýrt fram hvers ætlast er til af forsjáraðila og barni.

Þegar um gerð áætlunar er að ræða skal starfsmaður hafa í huga að áætlun er liður í framvindu máls og áætlun er vinnutæki starfsmanns til að hægt sé að meta hvernig unnist hefur með málið. Enn fremur er meðferðaráætlun mikilvæg fyrir foreldra þannig að þeir séu að fullu meðvitaðir um það hvað gert verður og á hve löngum tíma.

Við gerð áætlunar er mikilvægt að hafa í huga að starfmaður þarf að leggja línurnar skv. niðurstöðum könnunar máls, en mikilvægt er að foreldrar, og ef við á barnið, komi með sín sjónarmið og meðferðaráætlun sé unnin í samvinnu.

Mikilvægt er að hafa í huga að hvert mál er einstakt og hvert barn og fjölskylda þess sérstök og því eru engar tvær meðferðaráætlanir eins, jafnvel þó málsatvik er varða afskipti barnaverndar geti verið svipuð.

Einhliða áætlun:

Ef ekki tekst samvinna um gerð eða framkvæmd áætlunar um beitingu úrræða skal starfsmaður semja einhliða áætlun um framvindu máls og leggja fyrir félagsmálanefnd til ákvörðunar sbr. 23. gr. bvl.

- Inniheldur sömu höfuðatriði og almenn meðferðaráætlun, úrræði geta verið án samþykkis foreldra skv. 26. og 27. gr. barnaverndarlaga. Skal málið þá kynnt félagsmálanefnd m.t.t. úrskurðar.
- Kynna skal foreldrum einhliða meðferðaráætlun.

Ef ekki er næg ástæða fyrir einhliða áætlun ber að loka máli og tilkynna það foreldrum.

Endurmat áætlunar:

Áætlun er endurmetin að ákveðnum tíma liðnum á meðferðarfundi. Þá er tekin ákvörðun um það hvort gerð verður ný áætlun, máli lokað eða það jafnvel lagt fyrir félagsmálanefnd. Bókun er gerð á meðferðarfundi um málið.

Hafi meðferðaráætlun að engu leyti gengið eftir og ekki er sýnt að markmiðum hafi verið náð, getur farið svo að önnur áætlun taki við ef það mætti ganga betur. Ef sýnt þykir að forsjáraðili er ekki til samvinnu er tekin ákvörðun um að leggja málið fyrir félagsmálanefnd, á meðferðarfundi.

Sé tekin sú ákvörðun um að loka málinu þar sem aðgerðir hafi dugað til að bæta stöðu viðkomandi barns, er foreldrum sent bréf þar um. Fram kemur í bréfinu það helsta sem gerst hefur varðandi málið og hvernig það hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að málinu skuli lokað.

Mál lagt fyrir félagsmálanefnd

Almennt eru mál sem berast og eru í vinnslu starfsmanna ekki lögð fyrir félagsmálanefnd. En eftirfarandi eru helstu ástæður þess að mál eru lögð fyrir nefndina:

- Skv. ákvörðun meðferðarfundar.
- Í kjölfar neyðarráðstöfunar skv. 31. gr.
- Til að taka ákvörðun um einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða skv. 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.
- Kveða upp úrskurð samkvæmt barnaverndarlögum.
- Taka ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr. barnaverndarlaga.
- Setja fram kröfu um sjálfræðissviptingu, sbr. 30. gr. barnaverndarlaga.
- Endurskoða ráðstafanir, skv. 34. gr. barnaverndarlaga.
- Taka ákvarðanir um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr. barnaverndarlaga.

Mál skal ætíð lagt fyrir félagsmálanefnd með skriflegri greinargerð þar sem fram koma ástæður fyrir íhlutun, atvik máls og annað er máli kann að skipta.

Starfsmaður skal afhenda og kynna aðilum máls greinargerðir og önnur gögn málsins með hæfilegum fyrirvara. Starfsmaður getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns að aðilar fái ekki að svo stöddu að kynna sér innihald tiltekinna gagna þar til félagsmálanefnd hefur tekið endanlega ákvörðun þar að lútandi.

Starfsmaður skal vekja athygli foreldra/forsjáraðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans til lögmannsaðstoðar og mögulega fjárhagsaðstoð í því skyni sbr. 47.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Starfsmaður skal tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði félagsmálanefndar. Jafnframt skal þá veita hlutaðeigandi aðila leiðbeiningar um kærueimildir, þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti og hvert beina skuli kæru.

Undirbúningur starfsmanns

Sá starfsmaður sem fer með málið þarf að undirbúa þau mál sem fara fyrir félagsmálanefnd með eftirfarandi hætti:

- Kynna bókun meðferðarfundar fyrir forsjáraðila/ungling 15 ára og eldri.
- Kynna forsjáraðila /unglingi rétt til lögmannaástoðar/túlkþjónustu.
- Meta þörf á talsmanni.
- Kynna forsjárlausu foreldri stöðu málsins.
- Tryggja að fyrir liggi nýjar upplýsingar um aðbúnað barnsins og aðstæður forsjáraðila.
- Greinargerðarskrif.
- Kynna forsjáraðila greinargerð og fylgiskjöl.
- Afhenda lögmanni/forsjáraðila/unglingi greinargerð minnst 5 sólarhringum fyrir fund, þar sem einnig er kynnt tímasetning á fyrirtöku.

Greinargerðarskrif

- Aðskilja staðreyndir og mat.
- Vitna í lagatexta.
- Hafa megin áherslu á barnið sem málið fjallar um.
- Rökstyðja tillögur vel í matskafla.
- Skrifa með 1.5 línubili.
- Drög að greinargerð skilað til félagsmálastjóra til yfirlstrar.
- Leiðrétt greinargerð með fylgiskjöllum skal skila til félagsmálastjóra minnst 5 sólarhringum fyrir fund nefndarinnar.

Tillaga að uppbyggingu greinargerðar

- Forsaga máls/ástæða fyrirlagnar.
- Síðasta bókun nefndarinnar/heimildir sem greinargerð byggir á.
- Ítarlegar upplýsingar um barnið/þroski og heilsufar barns/félagslegar aðstæður.
- Upplýsingar um foreldra/systkin.
- Afstaða foreldra/barns.
- Afskipti barnaverndaryfirvalda.
- Stuðningsúrræði samkvæmt barnaverndarlögum.
- Samantekt og mat

- Tillaga.
- Undirskrift.
- Yfirlit yfir fylgiskjöl.

Hlutverk starfsmanns á fundi félagsmálanefndar

- Staðfesta og rökstyðja það sem fram kemur í greinargerð sé þess óskað.
- Svара fyrirspurn nefndarmanna, lögmans eða aðila málsins.
- Koma á framfæri hugsanlegum viðbótar upplýsingum í málinu.

Eftirfylgd fundar félagsmálanefndar

- Kynna bókun nefndarinnar fyrir forsjáraðila/ungling með bréfi.

Ávalt þarf að gæta þess að viðeigandi eyðublöð séu notuð, rétt fyllt út og undirrituð af aðilum þegar það á við.

Vistun utan heimilis

Áður en barni er ráðstafað utan heimilis skal reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni.

Liggja þarf fyrir samþykki foreldra/forsjáraðila og barns sem náð hefur 15 ára aldri fyrir því að barn verði vistað utan heimilis eða því ráðstafað í fóstur. Skal samþykkið vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja aðila er votta að foreldrum/forsjáraðila og barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar. Skorti samþykki foreldra/forsjáraðila og/eða barns 15 ára og eldra skal málið lagt fyrir félagsmálanefnd og skal þá barni og/eða talsmanni/lögmanni þess veitt færi á að tjá sig fyrir nefndinni. Hið sama gildir um foreldra/forsjáraðila og/eða lögmenn þeirra.

Starfsmaður skal leita umsagnar kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns áður en barni er ráðstafað utan heimilis.

Starfsmaður skal aðstoða og undirbúa foreldra/forsjáraðila og barn undir væntanlega vistun eða fóstur. Skal starfsmaður semja skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður félagsmálanefndar um fóstur barns sendir starfsmaður beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við stofuna. Starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra/forsjáraðila. Enn fremur skal starfsmaður veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar meðan á fóstri stendur eftir því sem ástæða þykir til. Starfsmaður skal koma á fósturheimili a.m.k. tvisvar á ári.

Fósturmál skulu lögð fyrir félagsmálanefnd með skriflegri greinargerð þar sem fram koma upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra fósturforeldra, þarfir og hagsmuni barns og annað sem máli kann að skipta.

Í fóstursamningi skal gera grein fyrir umgengni foreldra og annarra ættingja við barn ásamt því hvernig öðrum samskiptum svo sem símtölum og netsamskiptum skuli háttað. Í fóstursamningi skal einnig gert grein fyrir fósturlaunum.

Tímabundið fóstur

Tímabundið fóstur getur varað frá nokkrum mánuðum til tveggja ára. Samkvæmt barnaverndarlögum og reglugerð nr. 56/2004 um málsmeðferð barnaverndarnefndar á að gera áætlun um tímalengd og tilgang slíkra fósturmála áður en til fósturs kemur.

Ef um er að ræða vistun án samþykkis forsjáraðila þarf bókun félagsmálanefndar og /eða úrskurð sent dómstólum til úrskurðar, skv. bókun félagsmálanefndar.

Mikilvægt er að gera áætlun um meðferð máls sbr. 23. gr. barnaverndarlaga gagnvart barni og forsjáraðilum sem gildir þann tíma sem barn er í fóstri. Þar þurfa að koma fram markmið og leiðir að markmiðum

Tilkynna þarf fósturráðstöfun til Tryggingastofnunar ríkisins vegna meðlagsgreiðslna, ef um slíkt er að ræða. Þá ber að senda Barnaverndarstofu tilkynningu um gerðan fóstursamning. Þá þarf að senda viðkomandi sveitarfélagi tilkynningu um greiðslur til fósturforeldra.

Þar sem um tímabundnar ráðstafanir er að ræða, ber starfsmaður ábyrgð á mati í lok þess tíma sem félagsmálanefnd hefur samþykkt.

ATH: Þegar svo stendur á að starfsmaður félagsþjónustu Rangárvalla – og Vestur Skaftafellssýslu hefur ákveðið heimili í huga sem fósturheimili, er væntanlegum

fósturforeldrum bent á að setja sig í samband við Barnaverndarstofu vegna úttektar til að fá leyfi til að taka barn í fóstur.

Ávallt þarf að gæta að því að viðeigandi eyðublöð séu notuð, rétt fyllt út og undirrituð af aðilum þegar það á við.

Varanlegt fóstur

Með varanlegu fóstri er átt við að fóstur haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati félagsmálanefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en ár (65.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002).

Félagsmálanefnd fer að öllu jöfnu með forsjá barns þegar um varanlega fósturráðstöfun er að ræða. Varanlegt fóstur getur bæði komið í kjölfar þess að forsjárbreyting hafi átt sér stað, með samþykki foreldra, eða jafnvel að ósk þeirra, eða ef um sviptingu forsjár hefur verið að ræða.

Ferli máls er það sama og þegar um er að ræða tímabundið fóstur, þ.e. að umsókn skal send Barnaverndarstofu og hentugt heimili valið. Starfsmaður skal síðan ræða við væntanlega fósturforeldra og skóla áður en til fósturs kemur.

Við upphaf varanlegs fósturs er gerður fóstursamningur um reynslutíma, sem getur varað frá 3 mánuðum í allt að 12 mánuði. Málið er því lagt tvisvar fyrir félagsmálanefnd, við upphaf reynslutíma og aftur að loknum reynslutíma þar sem lagður er fyrir fóstursamningur um varanlegt fóstur.

Tilkynningar til stofnana vegna varanlegs fósturs:

1. Hagstofa Íslands um lögheimilisbreytingu.
2. Til Tryggingarstofnunar ríkisins.
3. Til viðkomandi sveitarfélags vegna greiðslna.
4. Til Barnaverndarstofu um gerð fóstursamnings.
5. Til ríkisskattstjóra m.t.t. barnabóta og annarra greiðslna.

Taka verður til sérstakar úrlausnar ef ágreiningur er um fyrirkomulag umgengni og eiga aðilar þá rétt á að mæta fyrir félagsmálanefnd til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri (andmælaréttur). Úrskurði félagsmálanefndar er unnt að skjóta til kæruneftndar barnaverndarmála.

Ávallt þarf að gæta að því að viðeigandi eyðublöð séu notuð, rétt fyllt út og undirrituð af aðilum þegar það á við.

Styrkt fóstur

Sérstök reglugerð gildir varðandi úrræði Barnaverndarstofu um styrkt fóstur. Verklag starfsmanna félagsþjónustunnar er með svipuðu sniði og þegar um er að ræða almennt tímabundið fóstur. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um markvissa handleiðslu fagaðila við fósturforeldra, gera ráðstafanir til þess að barn fái aðstoð fagaðila sé þess þörf og barnið fari að jafnaði eina helgi í mánuði til foreldra sem og að reglulegir samráðsfundir verði haldnir með fósturforeldrum og aðilum sem þörf þykir á. Þá er fóstursamningur sendur Barnaverndarstofu sem gerir athugasemdir við hann ef þörf þykir. Undirskrifaður fóstursamningur er síðan sendur til Barnaverndarstofu.

Ávalt þarf að gæta að því að viðeigandi eyðublöð séu notuð, rétt fyllt út og undirrituð af aðilum þegar það á við.

Vistun á meðferðarheimili

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður félagsmálanefndar fyrir vistun barns á meðferðarheimili sendir starfsmaður umsókn til Barnaverndarstofu. Stofan metur og tekur ákvörðun í samráði við starfsmann nefndarinnar um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka.

Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. bvl. ber starfsmanni að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en tvo mánuði.

Starfsmaður skal gera vistunarsamning og leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

Starfsmaður skal á öllum stigum máls leita sátta með aðilum eftir því sem best þykir henta hag og þörfum barns. Þá skal málið unnið í náinni samvinnu við aðra barnaverndarnefnd ef því er til að dreifa.

Greinargerð vegna fósturvistunar

Tvær greinargerðir eru skrifaðar vegna fósturvistunar barns. Önnur greinargerðin fjallar um aðstæður og aðbúnað barnsins og er trúnaðarskjal sem forsjáraðilar fá í hendur. Hin greinargerðin fjallar um aðstæður og aðbúnað á fósturheimili og er trúnaðarskjal sem fósturforeldrar fá í hendur, auk vistunarsamnings.

Í greinargerð um fósturheimili þarf að gera grein fyrir eftirfarandi atriðum:

- Lagagrein sú er vistun byggir á.
- Hefur viðkomandi fósturheimili leyfi Barnaverndarstofu til að taka börn í fóstur, dagsetning leyfis.

Þá þurfa eftirfarandi upplýsingar um fósturforeldra að koma fram:

- Fjölskylda, nám, uppvaxtarár og atvinna.
- Fyrri hjónaband/sambúð.
- Hvenær gengið í sambúð/hjónaband.
- Heilsufar og tólmstundir.
- Félagslegar aðstæður fósturforeldra.
- Núverandi búseta og heimilisaðstæður.
- Önnur börn á heimili.
- Stuðningur/samskipti við fjölskyldu og eða vini.
- Fjárhagsleg staða.
- Annað sem máli kann að skipta.
- Samantekt og mat.
- Undirskrift.
- Yfirlit yfir fylgiskjöl.

Þegar félagsmálanefnd hefur samþykkt fóstur barns skal starfsmaður gera skriflegan fóstursamning fyrir hönd nefndarinnar við fósturforeldra. Fóstursamningur skal gerður á þar til gerð eyðublöð og skulu koma fram þau atriði sem getið er í 68. gr. bvl. og annað sem máli kann að skipta. Starfsmaður sendir tilkynningu um gerð fóstursamnings til Barnaverndarstofu og lok fósturs. Starfsmaður tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á.

Starfsmaður hefur frumkvæði að því að koma á samningi um umgengni barns við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Félagsmálanefnd eða lögmaður hennar úrskurðar um

ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd.

Komi fram krafa um aukna umgengni skal starfsmaður leggja greinargerð fyrir félagsmálanefnd þar sem eftirfarandi atriði koma fram:

- Ástæða kynningar.
- Staða barnsins í dag, væntingar þess og skoðanir eftir aldri barns.
- Óskir foreldra, krafa, mat og væntingar.
- Óskir fósturforeldra, mat þeirra og sýn á stöðu barns.
- Mat sérfræðings.
- Samantekt og mat.
- Tillögur.
- Yfirlit yfir fylgiskjöl.

Gerð umsókna vegna skólavistar nemenda sem vistaðir eru utan lögheimilissveitarfélags.

Sé barn vistað utan lögheimilissveitarfélags skal starfsmaður ráðfæra sig við skóla í því sveitarfélagi sem fósturforeldrar búa áður en til vistunar kemur.

Mikilvægt er að nýr skóli fái greinargóðar upplýsingar um barnið, bæði frá barnavernd og fyrri skóla barnsins. Starfsmaður skal tryggja að skrifleg gögn berist nýja skólanum frá fyrri skóla.

Ef skólaárið er hafið getur barn farið strax í skólann.

Vinnsla umsagna – umsögn um hæfi fósturforeldra

Erindi berst Barnaverndarstofu þar sem óskað er umsagnar félagsmálanefndar skv. 66. gr. barnaverndarlaga um hæfi umsækjanda til að gerast fósturforeldri.

- Mál er skráð á meðferðarfundi og því úthlutað.
- Starfsmaður félagspjónustunnar kannar aðstæður fósturforeldra, með viðtölum á skrifstofu og einnig með heimsókn á heimili fjölskyldunnar. Aflað er nauðsynlegra viðbótarupplýsinga sé þess þörf, t.d. með viðtölum eða með öðrum hætti: við ættingja, vini, fagaðila eða aðra sem talið er að hafi upplýsingar er málið varðar.
- Starfsmaður skrifar dagála frá vinnslu málsins.
- Að upplýsingaöflun lokinni skrifar starfsmaður greinargerð, sem tilvonandi fósturforeldrum er gefinn kostur á að lesa.
- Félagsmálastjóri fer yfir greinargerðina ásamt fylgiskjölum og gerir hugsanlegar athugasemdir til leiðréttingar áður en málið er lagt fyrir á meðferðarfundi.
- Greinargerðin er lögð fyrir meðferðarfund til kynningar
- Málið er lagt fyrir félagsmálanefnd til bókuunar
- Bókun meðferðarfundar ásamt greinargerð er send Barnaverndarstofu
- Allt skráð í Navison.

Skýrslur félagsmálastjóra

Félagsmálastjóri ber ábyrgð á að unnin sé ársskýrsla um barnavernd. Ársskýrslan skal send Barnaverndarstofu og kynnt félagsmálanefnd á fundi. Þá skal félagsmálastjóri vinna skýrslu í febrúar og september ár hvert fyrir nefndina þar sem fram kemur fjöldi barnaverndarmála og staða þeirra í vinnslu

Þá ber félagsmálastjóri ábyrgð á því að félagsmálanefnd geri framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir hvert kjörtímabil.